

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Fjárfestingaferli: Samval verðbréfa og sjóðastýring

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: *Fjárfestingaferli: Samval verðbréfa og sjóðastýring (50%)*
ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna ráðgjafar og skattamála (50%)

Prófdagur: 16. maí 2018 Kl.: 16:00 til 20:00

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblöð vegna þessa hluta 4 síður prófsins, þ.m.t. Forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Öll gögn á pappírformi leyfileg. Notkun reiknivéla sem hafa textaminni og/eða hægt er að forrita er heimil. Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.
Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

**Krossaspurningar (10%), allar spurningar gilda jafnt og ekki er dregið niður fyrir röng svör.
Einungis eitt svar er rétt við hverja spurningu.**

1. Þú hefur metið betagildi verðbréfa A og B. Byggt á því mati ákveður þú einungis að kaupa verðbréf A en ekki verðbréf B. Hver er líkleg skýring á því?
 - a. Sharpe hlutfall verðbréfs B er mun hærra og þess vegna ákveður þú að fjárfesta í verðbréfi A.
 - b. Fylgni ávöxtunar milli verðbréfa A og B er lág miðað við fylgni annarra verðbréfa í safni þínu.
 - c. Þú telur að ávöxtunarkrafa verðbréfs A sé hærra en verðbréfs B og þar af leiðandi er vænt ávöxtun verðbréfs A hærri en verðbréfs B.
 - d. Þú telur bæði verðbréfin vera fyrir ofan SML (e. security market line). Þú telur að verðbréf A sé lengra frá línunni.
 - e. Þú telur verðbréf A vera á CML (e. capital market line) en ekki verðbréf B og þar sem þú ert áhættufællinn fjárfestir telur þú skynsamlegra að fjárfesta í verðbréfi sem er á CML línunni.
 - f. Ekkert að ofantöldu er rétt.

2. Þú hefur metið framfall fjárfestingakosta (e. efficient frontier) og ert mjög áhættufællinn. Þú getur fjárfest í áhættlausum vöxtum og tekið lán á áhættalausum vöxtum. Í hvaða eignasafni fjárfestir þú?
 - a. Undantekningarlaust í eignasafni sem er á framfallinu en það fer eftir áhættalausum vöxtum hvaða safni fjárfest er í.
 - b. Eignasafni sem er á þeirri CAL (e. capital allocation line) sem er með bröttustu hallatöluna.
 - c. Í áhættuminnsta eignasafninu á framfallinu.
 - d. Á CAL línu sem dregin er á milli áhættalausra vaxta og áhættuminnsta safnsins á framfallinu.
 - e. Ekkert að ofantöldu er rétt.

3. Ef þú telur kenninguna um skilvirka markaði ekki gilda þá:
 - a. Skiptir litlu hvernig verðbréfasöfn eru samansett þrátt fyrir mismunandi áhættufælni fjárfesta.
 - b. Er skynsamlegt fyrir áhættufællinn fjárfesti að fjárfesta í áhættuminnsta safninu á framfallinu (e. efficient frontier).
 - c. Ætti að vera hægt að ná betri árangri en markaðurinn í heild með greiningu á fjárfestingakostum.
 - d. Skiptir fylgni ávöxtunar litlu máli við ákvarðanir um áhættudreifing eignasafna.
 - e. Ekkert að ofantöldu er rétt.

4. Við samsetningu eignasafns mun áhættufælinn fjárfestir:
 - a. Leggja meiri áherslu á að lágmarka áhættu eignasafns en að huga að væntri ávöxtun.
 - b. Líklega fjárfesta nær eingöngu í áhættulausum vöxtum eða áhættulitlum skuldabréfum.
 - c. Hugsanlega taka mikla áhættu ef vænt ávöxtun er nægjanlega mikil.
 - d. Ef hann hefur val milli tveggja safna mun hann líklega velja áhættuminna safnið þrátt fyrir að vænt ávöxtun þess sé hugsanlega lægri en hins safnsins.
 - e. Ekkert af ofantöldu er rétt.
5. Hægt er að nýta nytjaföll til þess að:
 - a. Útskýra hvaða samsetningu áhættu og ávöxtun fjárfestar meta jafngilda.
 - b. Meta mismunandi áhættufælni fjárfesta .
 - c. Útskýra afhverju áhættufælinn fjárfestir ákveður að fjárfesta í safni sem er ekki á CML línunni (e. capital market line).
 - d. a. og b. eru rétt.
 - e. a., b. og c eru rétt.

Dæmi (30%) Öll dæmi gilda jafnt.

6. Þú ert að skoða fjárfestingu í hlutabréfum. Ef hagvöxtur verður mikill telur þú að vænt ávöxtun hlutabréfs A verði 10% en hlutabréfs B 7%. Ef hagvöxtur verður í samræmi við væntingar markaðsaðila telur þú að vænt ávöxtun beggja hlutabréfanna verði 6%. Ef hagvöxtur verður neikvæður telur þú að vænt ávöxtun hlutabréfs A verði -5% en hlutabréfs B verði 10%. Þú telur 40% líkur á því að hagvöxtur verði mikill, 50% líkur að hann verði í takt við væntingar og 10% líkur á því að hann verði neikvæður. Áhættulausir vextir eru 4%.

Hvert er Sharpe hlutfall hlutabréfanna og hvernig geturðu notað Sharpe hlutfallið til þess að rökstyðja hvort bréfið þú fjárfestir í?

7. Notaðu sömu forsendur og í dæmi 6. Hver er vænt ávöxtun og staðalfrávik safns sem samsett er af 50% hlutabréfi A, 40% í hlutabréfi B og 10% í áhættulausum vöxtum.
8. Þú ert að skoða hlutabréf. Þú hefur metið að beta bréfsins sé 1,5 og áhættulausir vextir 5%. Þú telur að vænt ávöxtun bréfsins sé 15% sem er 1 prósentu lægra en ávöxtunarkrafan sem gera ætti til bréfsins samkvæmt CAPM. Hvað telur þú að sé vænt ávöxtun hlutabréfamarkaðsins?
9. Þú ert að velja milli þess að fjárfesta í þremur sjóðum. Tveimur virkum sjóðum og vísitölusjóði. Þú telur vænta ávöxtun hlutabréfamarkaðarins og vísitölusjóðsins vera 10%. Sjóður I er með 11% vænta ávöxtun en sjóður II með 12% vænta ávöxtun. Beta sjóðs I er 1,3 en beta sjóðs II er 1,6. Áhættulausir vextir eru 5%. Í hvaða sjóði fjárfestir þú í og af hverju?

10. Þú getur fjárfest í hlutabréfum, skuldabréfum og áhættulausum vöxtum. Vænt ávöxtun hlutabréfa er 13% og staðalfrávik ávöxtunnar þeirra er 20%. Vænt ávöxtun skuldabréfa er 4% og staðalfrávik ávöxtunnar þeirra er 6%. Áhættulausir vextir eru 3% og samfylgni (e. covariance) milli hluta- og skuldabréfa er 0,24%. Hvaða samsetning af hlutabréfum og skuldabréfum gefur besta áhættusafnið (e. optimal risky portfolio) og hver er vænt ávöxtun og staðalfrávik safnsins?
11. Notaðu sömu forsendur og í dæmi 10. Hver er vænt ávöxtun og staðalfrávik áhættuminnsta (e. minimum variance) safnsins sem inniheldur eingöngu hlutabréf og skuldabréf?

Stutt svör (10%), Spurningarnar gilda jafnt

12. Fjallaðu um hvernig sjóðsstjóri getur notað framföll til þess að aðstoða við ákvörðun um hvort skynsamlegt sé að bæta erlendum fjárfestingum í innlent eignasafn.
13. Fjallaðu stuttlega um muninn á opnum (e. open end) og lokuðum (e. closed end) sjóðum og nefndu kosti og galla við báðar tegundir sjóða.